

Stjórnarfundur FASK
24. Fundur 21. Nóv 2023 kl 8:00
Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Ágúst Elvarsson, Tinna Rut Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir.

Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut:

1. Undirbúningur að stofnun fasteignafélags.

Haukur gerði grein fyrir vinnu Lögmannsstofunnar LEX. Búið væri að vinna drög að minnisblaði. Til að halda málinu áfram lagði Haukur til að drögin að minnisblaðinu yrðu send á þá aðila sem hafa óskað eftir að taka þátt að stofnun fasteignafélagsins og fá þeirra rýni á drögin áður en lengra er haldið. Samþykkt að senda drögin að minnisblaðinu á aðila sem hafa sýnt áhuga á að koma að stofnun fasteignafélags sem kemur til með að byggja upp innviði við Jökulsárlón.

Samþykkt að boða til kynningarfundar um stofnun fasteignafélags, þar sem drög að rekstraráætlun verði kynnt ásamt rekstrarformi, lágmarks framlögum og fl. þátta. Samþykkt að fundurinn verði auglýstur og haldinn fimmtudaginn 30 Nóv kl 19:30. Hauki falið að finna hentugan sal gera auglýsingu og senda á Eystrahorn.

2. Tilnefning í svæðisráð

Stjórn FASK leggur til að Tinna Rut Sigurðardóttir verði fulltrúi FASK í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs, leitað verði til aðila sem ekki eru tengdir afþreyingu til að sinna hlutverki varamanns. Tinnu og Laufey falið að leita til aðila í gistingu- og veitingageiranum til að og senda tillögur á stjórn sem samþykkir endanlega tillögu í tölvupósti.

3. Óviðeigandi myndbirtingar í fjölmiðlum tengt Jökulsárlóni:

Stjórn FASK barst tölvupóstur frá einum þjóðgarðsverði VJP um óviðeigandi myndbirtingu MBL.IS sem fjallaði um frétt þar sem ónafngreint ferðaþjónustufyrirtæki hafi viljað mismuna gestum sínum vegna þjóðernis, þar sem m.a. kom fram:

Það væri vanhugsað að Morgunblaðið birti mynd af einum fjölfarnasta ferðamannastað landsins með jafn neikvæðri frétt og raun ber vitni. Á engan hátt er í fréttinni vísað til fyrirtækja sem stunda atvinnu sína við Jökulsárlón eða í Vatnajökulsþjóðgarði.....

Ennfremur að:

Ekki sé gerð grein fyrir þeirri umsvifamiklu starfsemi sem fer fram við Jökulsárlón og

hvaða áhrif þessi myndbirting getur haft á þau fyrirtæki sem þar starfa. Það er auðvelt að skapa hugrenningatengsl á milli myndarinnar og þeirra neikvæðu fréttar sem hún fylgir.

Stjórn FASK þakkar starfsmanni VJÞ fyrir að vekja máls á myndbirtingunni og beita sér fyrir því að myndinni hafi verið breytt af starfsmönnum MBL.IS.

Stjórn FASK telur mikilvægt að fjölmiðlar hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir leitist við að gefa sem réttasta mynd af því viðfangsefni sem fjallað er um hverju sinni. Það hefur til að mynda sýnt sig að með misvísandi fréttaflutningi erlendis af jarðhræringum á Reykjanesi hvernig hann hefur haft neikvæð áhrif á bókunarstöðu ferðaþjónustunnar.

Innlendir fjölmiðlar ættu því einnig að taka starfi sínu og ábyrgð alvarlega og bæta vinnubrögð sín við fréttaflutning og vanda hann eins og kostur er.

Mjög margar fjölskyldur í Sveitarfélaginu Hornafirði hafa viðurværi af því að stunda ferðaþjónustu og Jökulsárlón er eitt af mikilvægustu aðdráttaröflum í Austur-Skaftafellssýslu sem og Íslandi öllu. Fjölskyldur í A-Skaft hafa byggt upp svæðið frá 1980. Það er því mikilvægt fyrir fjölskyldur í A-Skaft að þeirra helsta ímyndar afl sem hefur tekið langan tíma að byggja upp sé ekki dregið inn í fréttaflutning sem þennan þar sem viðkomandi fyrirtæki og starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja sem starfa í Sveitarfélaginu Hornafirði hafa ekkert að gera með þá mismunun sem fjallað var um í grein MBL.IS.

Stjórn FASK felur formanni að koma meðfylgjandi bókun til skila til helstu fjölmiðla landsins.

4. Jarðhræringar á Reykjanesi

Umræða skapaðist um jarðhræringar á Reykjanesi. Hugur stjórnar FASK er hjá íbúum Grindavíkur sem þurft hafa að yfirgefa heimili sín. Höfn og Grindavík eru að mörgu leiti sambærileg sveitarfélög þar sem bæði fiskvinnsla og ferðaþjónusta eru öflug. Stjórn FASK hvetur alla Austur-Skaftafellinga sem geta, að létta undir með fjölskyldum Grindvíkinga.

Stjórn FASK bendir á að flugvöllurinn í Keflavík er lykilþáttur í að hægt sé að reka ferðaþjónustu á Íslandi. Nú er mikilvægt fyrir stjórnvöld að gera athugun á því hvaða hagsmunir eru í húfi ef til lokunar Keflavíkurflugvallar kemur vegna ófyrirséðra jarðhræringa á Reykjaneskaga um ókomna tíð. Stjórn FASK telur mikilvægt að kannað verði hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir vergri landsframleiðslu Íslands og hvaða áhrif það hefði á helstu þætti samfélagsins, svo sem skatttekjur ríkisins, heilbrigðis- og öldrunarmál, menntakerfi, félagskerfi, vegakerfi, o.fl mikilvæga þætti, ef ferðaþjónusta leggist af eða yrði rekin með mjög skertum hætti í óákveðin tíma. Stjórn FASK bendir á mikilvægi þess að gera heildstæða áætlun um uppbyggingu vara millilandaflugvalla sem geta þjónað sem leið til og frá landinu ef upp koma óviðráðanlegar aðstæður á Reykjaneskaga og þar með talið Reykjavík. Stjórn FASK bendir á að þegar sú vinna á sér stað verði horft til þátta eins og hvar best er að staðsetja millilandaflugvelli út frá, fjölda daga sem hægt er að lenda og taka á loft, veðurfari, öryggi gesta og flugáhafna, fjarlægð

milli mikilvægra áfangastaða, samgangna til höfuðborgarsvæðisins og greiðfærni allan ársins hring.

Stjórn FASK leggur til að þessi bókun verði send til Innviðaráðherra og Menningar- og ferðamálaráðherra ásamt því að málið verði einnig kynnt þingmönnum Suðurkjördæmis.

5. Önnur mál

Samþykkt að halda næsta fund n.k Þriðjudag. Fundartími ákveðinn síðar.

Fundi slitið 10:25